



STARFSLEYFI

fyrir jarðboranir, 14.000 L olúgeymi til eigin nota, tveggja rafstöðva með uppsett afl 1,35 MW auk starfsmannaaðstöðu í Geldinganesi í Reykjavík, staðsetning skal vera í samræmi við hnitsetningu og afmörkun á mynd 2 í greinargerð umsækjanda með umsókn um starfsleyfi.

Nafn leyfishafa: North Tech Drilling ehf.

Heimilisfang: Laugarásvegur 13, 104 Reykjavíkurborg

Kennitala: 560317-0930

Gildir frá: 26. mars 2026

Gildir til: 1. júlí 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir North Tech Drilling vegna jarðborunar í Geldinganesi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 26. mars 2026





North Tech Drilling ehf.

kt. 560317-0930

Laugarásvegi 13, Reykjavík

vegna jarðborana á Geldinganesi.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1 hér að neðan.	9. janúar 2026
Rekstraraðili, kt.	North Tech Drilling ehf. kt. 560317-0930
Heiti fyrirtækis	North Tech Drilling
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Geldinganes, nánari afmörkun er í samræmi við hnitsetningu og mynd 2 í greinargerð með umsókn um starfsleyfi.
Tegund starfsemi	Töluliður 55 í IV. viðauka laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Tílefni umsóknar	Umsókn um tímabundið starfsleyfi til 1. júlí 2026.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Framkvæmdaleyfi samþykkt á embættisafgreiðslufundi Skipulagsfulltrúa 20. janúar 2026.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Auglýsing var birt á vefsíðu HER dagana 26. janúar – 23. febrúar 2026. Um starfsemina gilda almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir North Tech Drilling ehf. vegna jarðborunar á Geldinganesi.
Starfsemin var háð / var ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sjá nánar í kafla 3 hér að neðan	Á ekki við.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.



Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.

Umsóknin var lögð fyrir 1900. afgreiðslufund HER þann 26.03.2026. Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 1. júlí 2026.

1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis - Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Framkvæmdaleyfi samþykkt á embættisafgreiðslufundi Skipulagsfulltrúa 20. janúar 2026.

3. Málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Starfsemin er ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Þó svo að framkvæmdin falli ekki undir lög um umhverfismat, var skoðað hver helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar borunar yrðu. Niðurstöðurnar voru sem eftirfarandi:

Hljóðvist: Borunin felur í sér háværar framkvæmdir í 5-6 vikur. Að lokinni borun eru áhrif á hljóðvist talin óveruleg eða engin. Tilhögun vinnu verður í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Engin byggð er í nágrenninu og er þar af leiðandi ekki um að ræða truflun fyrir íbúa. Vatnshlot: Unnið var áhrifamat framkvæmda á vatnshlot, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (fskj. 1). Helstu niðurstöður voru þær að fyrirhuguð framkvæmd er ekki líkleg til að valda neikvæðum áhrifum á gæðapætti vatnshlotanna Stór-Reykjavík nr. 104-261-2-G og Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C. Ástand vatnshlotanna er ekki talið hnigna miðað við núverandi ástand. Áhætta vegna efna í grunnvatnshlotinu Stór-Reykjavík nr. 104-261-2-G er nú þegar mögulega til staðar og framkvæmdin því ekki talin hafa áhrif á það hvort umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand og góða magnsstöðu grunnvatnshlotsins náist eða náist ekki. Ásýnd: Framkvæmdir fela



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í sér rask og mannvirki á svæði sem í dag einkennist lítið af mannvirkjum. Borholur koma til með að breyta lykileinkennum landslags, einkum meðan á framkvæmdum stendur | Bls. 5 af 6 við borun og afkastamælingu. Mannvirki sem munu standa eftir þegar fyrirhuguðum rannsóknarborunum er lokið eru borholuskúr, holutoppar úr stáli, hlutar borplana og vegslóðar. Áhrifin eru því metin neikvæð, staðbundin og að einhverju leyti afturkræf. Fornleifar: Tvær þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Önnur þeirra er tóft, vestan við Breiðumýri (181186-12), við mörk þess svæðis sem borholan verður innan (mynd 3) og hefur tóftin ekki verið rannsökuð. Hin fornleifin, garðlag eða krossgarður, er innan svæðis um 320 m frá sjó á norðanverðu Geldinganesi, í þýfi nánast efst á holti (1811856-64). Garðlög sjást á stöku stað, en garðurinn sem talinn er frá því um 1900 er mjög vel gróinn (Minjastofnun Íslands, 2025). Staðsetning fyrirhugaðra borhola verður valin sérstaklega með tilliti til fornleifanna sem verða merktar á vettvangi til að tryggja að þeim verði ekki raskað af vangá.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfi-tillogur-i-auglysingu-og-utgefin-leyfi>

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, dags. 30. mars 2026

Jón Pétur Einarsson